

Marcello Viola gegn Ítalíu
Dómur frá 5. október 2006
Mál nr. 45106/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis
Réttur til að vera viðstaddur réttarhöld.

1. Málsatvik

Kærandi, Marcello Viola, er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1959 og afplánar lífstíðardóm í L'Aquila– fangelsinu á Ítalíu. Kærandi var ákærður fyrir aðild að skipulagðri glæpastarfsemi, manndráp og ólöglega vopnaeign og árið 1999 var dómur um tólf ára fangelsi staðfestur af áfrýjunardómstól. Á svipuðum tíma var hann einnig ákærður fyrir aðild að manndrápum, tilraunum til manndrápa og ólöglega vopnaeign. Undirréttur dæmdi hann í fimmfalt lífstíðarfangelsi ásamt því sem hann skyldi vera í einangrunarvist í þrjú ár. Kærandi áfrýjaði þessum dómi. Áfrýjunardómstóll sýknaði kæranda af einum ákærulið og breytti dómnum í ævilangt fangelsi auk þess sem einangrunarvistin skyldi aðeins vera tvö ár. Kærandi, sem afplánaði fangelsisdóm þegar málsmeðferð fór fram fyrir áfrýjunardómstólnum, fékk ekki að vera viðstaddur þinghöld í málinu, en fylgdist með þeim í gegnum fjarfundabúnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að heimila honum einungis þátttöku í eigin réttarhaldi með aðstoð fjarskiptabúnaðar hefði verið brotið á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Jafnframt byggði hann á 4. gr. 7. samningsviðauka og taldi að hann hefði verið saksóttur tvívegis fyrir sama brot.

Niðurstaða

Að áliti dómstólsins var ljóst að flutningur fanga eins og kæranda, krefðist mikilla öryggisráðstafana, vegna hættu á flótta og ofbeldisverkum. Slíkur flutningur gæti jafnframt gefið kæranda tækifæri til að komast í samband við þau glæpasamtök er hann var talinn tilheyrja.

Kærandi hefði verið sakaður um alvarlega glæpi í tengslum við aðild sína að mafiunni. Baráttan gegn starfsemi mafiunnar fæli í sér að grípa yrdi til aðgerða til verndar almenningi og til að koma í veg fyrir frekari glæpi. Ef hafðar væru í huga strangar starfsreglur hennar og skýr valdauppbygging væri ljóst að félögum í mafiunni væri kleift að hafa mikil áhrif á almenning. Þá væri ekki óraunhæft að ætla að viðvera mafiufélaga í réttarsal gæti, ein og sér, haft áhrif á brotþola og vitni við réttarhöld.

Því var það niðurstaða dómstólsins að þetta fyrirkomulag hefði þjónað lögmætum markmiðum, þ.e. að vernda líf, frelsi og öryggi vitna og brotþola, til verndar allsherjarreglu og til að koma í veg fyrir glæpi. Jafnframt hefði það ekki dregið úr möguleikum kæranda að koma að vörnum að réttarhöldin fóru fram með þessum hætti.

Enn fremur taldi dómstóllinn að þótt kærandi hefði tvívegis verið ákærður vegna svipaðra brota hefði ekki verið um sömu brot að ræða eða að þessi brot mætti rekja til sama atburðar.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að hvorki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 6. gr. né rétti hans samkvæmt 4. gr. 7. samningsviðauka.